

Erindisbréf Samráðshóps Múlaþings um málefni fatlaðs fólks

1. gr.

Skipun

Sveitarstjórn Múlaþings skipar sex fulltrúa og jafnmarga til vara í Samráðshóp Múlaþings um málefni fatlaðs fólks samkvæmt þeim tilnefningum sem á eftir greinir:

- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu tilnefndir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum.
- Þrjú fulltrúar og þrjú til vara skulu tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu.

Samráðshópurinn kýs sér sjálfur formann og varaformann. Skipunartími hópsins fylgir kjörtímabili sveitarstjórnar.

Aðalmenn boða varamenn sína til fundar ef þeir forfallast en samráðshópurinn getur einnig ákveðið að allir varamenn sitji fundi ásamt aðalmönnum.

Seta í samráðshópnum er ólaunuð.

Starfsmaður félagsþjónustu Múlaþings er starfsmaður hópsins og ritar jafnframt fundargerðir hans.

2. gr.

Starfshættir

Samráðshópurinn kemur saman minnst fjórum sinnum á ári, en heldur fundi þar að auki eins oft og þurfa þykir.

Formaður hópsins boðar til funda og stýrir þeim. Á dagskrá skulu tekin mál sem fulltrúar í hópnum hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði hans. Jafnframt skulu tekin á dagskrá mál sem formenn sveitarstjórnar, byggðaráðs eða fastanefnda sveitarfélagsins óska eftir að fjallað verði um.

Hlutaðeigandi aðilar geta þá kallað samráðshópinn eða fulltrúa þess á sinn fund til frekari umfjöllunar.

Gert er ráð fyrir að fjölskylduráð Múlaþings eigi fund með samráðshópnum að minnsta kosti árlega. Þá er þess enn fremur vænst að hópurinn leggi fram skýrslu um og kynni starf sitt.

Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Heimilt er að taka mál til meðferðar í samráðshópnum þótt það sé ekki tilgreint í útsendri dagskrá en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til næsta fundar sé þess óskað.

Samráðshópurinn skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til byggðaráðs jafnóðum.

Samráðshópurinn gerir tillögur eða sendir erindi til viðkomandi fastanefnda eða beint til byggðaráðs eða sveitarstjórnar um þau málefni sem hann telur varða hagsmuni eða aðstæður fatlaðs fólks.

Jafnframt tekur samráðshópurinn til umfjöllunar þau mál sem fastanefndir, byggðaráð eða sveitarstjórn vísa til umsagnar hópsins.

Fastanefndir sveitarfélagsins geta enn fremur boðað fulltrúa samráðshópsins eða eftir atvikum hópinn allan til fundar við sig þegar þær fjalla um mál sem hafa sérstaka þýðingu fyrir fatlað fólk. Samráðshópurinn getur að sama skapi óskað eftir fundi með formanni nefndar / ráðs eða nefndinni allri um mál sem það telur þörf fyrir að kynna henni. Enn fremur getur samráðshópurinn kallað til sín sviðsstjóra sveitarfélagsins eða fulltrúa þeirra til viðræðna og miðlunar upplýsinga við umfjöllun mála.

Sveitarfélagið lætur samráðshópi í té aðstöðu til fundarhaldna og aðgang að þeim gögnum sem nauðsynleg eru fyrir starfseminni. Enn fremur skal samráðshópurinn njóta aðstoðar starfsmanns sveitarfélagsins, t.d. við boðun funda og til milligöngu við annað starfsfólk sveitarfélagsins um útvegum gagna vegna umfjöllunarefna hópsins.

3. gr.

Hlutverk og markmið

Hlutverk samráðshóps er að vera formlegur vettvangur samráðs og samstarfs við sveitarstjórn um hagsmunum fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk, framkvæmd hennar og þróun. Samráðshópurinn stuðlar þannig að skoðanaskiptum og miðlun upplýsinga milli fatlaðs fólks og stjórnvalda um stefnu og framkvæmd í málefnum sem varða fatlað fólk og er þeim og fastanefndum þeirra til ráðgjafar í þeim efnum.

Markmiðið með starfi samráðshópsins er að gera fötluðu fólki kleift að hafa áhrif á og taka þátt í skipulagi og framkvæmd þjónustu sem það varðar, svo og öðrum hagsmunamálum sínum á þjónustusvæðinu.

4. gr.

Verkefni

Hlutverk samráðshópsins er einkum:

- Að vera ráðgefandi fyrir stjórnvöld / sveitarstjórn og hlutaðeigandi stofnanir þjónustusvæðisins um hugmyndafræði og stefnumótun í málefnum fatlaðs fólks.
- Að fylgjast með framkvæmd þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu í samráði við notendur hennar og talsmenn þeirra eða aðstandendur. Í því felst meðal annars að fjalla um ábendingar og tillögur þeirra sem í hlut eiga, þó ekki þær sem varða málefni einstaklinga.
- Að koma á framfæri hugmyndum, tillögum og ábendingum um inntak og tilhögun þjónustu við fatlað fólk á þjónustusvæðinu.
- Veita velferðarráðuneytinu umsögn um þjónustu sem félagasamtök, sjálfeignarstofnanir og aðrir þjónustu- og rekstraraðilar hyggjast veita samkvæmt ákvæðum laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

5. gr.

Gildistaka

Erindisbréf þetta er sett með heimild í 48. gr. samþykktar um stjórn Múlapings nr. 691/2022.